

Ráðstöfun mjólkur og innflutningur

ÞRÓUN SÖLU MJÓLKURVARA Á LIÐNUM VERÐLAGSÁRUM Síðustu tvö verðlagsár, 05/06 og 06/07, minnkaði sala á skyrvörum um 10,76% og sala jógúrtvara minnkaði um 4%. Í öllum öðrum vöruflokkum varð söluaukning. Mesta söluaukningin í magni talið var í flokknum Drykkjarmjólk og sýrðar vörur, 313 þúsund lítrar eða 0,7%. Mikilvægasta söluaukningin var í ostum, um 240 tonn, eða sem svarar til 2,5 milljón lítra af mjólk. Sala smjörs jókst um rúm 50 tonn milli ára og sala viðbits um 123 tonn samtals. Söluaukningin í viðbiti hefur nú haldist í fjögur verðlagsár í röð eftir margra ára samdrátt árin þar á undan.

Tafla 5. Sala mjólkurvara í lítrum og kg á liðnum verðlagsárum.


VÖRUFLOKKAR	Sala í ltr og kg						Breyting frá 05/06
	00/01	02/03	03/04	04/05	05/06	06/07	
Drykkjarmjólk og sýrðar vörur	43.469.621	42.493.548	42.419.936	42.064.883	42.067.353	42.380.687	0,74%
Rjómi og sýrður rjómi	2.076.513	2.118.003	2.219.758	2.310.288	2.365.339	2.411.591	1,96%
Jógúrtvörur	2.914.416	3.369.226	4.117.208	3.934.757	3.767.698	3.615.224	-4,05%
Skyrvörur	2.319.093	2.442.747	2.757.076	4.332.030	3.966.459	3.539.545	-10,76%
Viðbit	1.501.104	1.432.825	1.492.640	1.517.446	1.597.085	1.720.427	7,72%
Ostar	4.046.748	4.151.674	4.223.609	4.378.139	4.546.505	4.787.215	5,29%
Duft	618.909	658.112	683.938	676.301	661.196	667.486	0,95%
Aðrar vörur	383.949	412.526	384.472	312.470	275.876	299.189	8,45%
SAMTALS ALLS	57.330.353	57.078.661	58.298.637	59.526.314	59.247.511	59.421.364	0,29%

ÞRÓUN SÖLU MJÓLKURVARA Á LIÐNUM ÁRUM Sala mjólkurvara í kg og lítrum minnkaði um 0,3% milli áranna 2006 og 2007. Í magni er minnkunin 191,6 tonn. Sala skyrvara minnkaði um 448 tonn og 'Drykkjarmjólkur og sýrðra vara' um 233 þús. Lítra. Sala allra annarra vöruflokka jókst; ostasala um 262,6 tonn, viðbitssala um 110,5 tonn og rjómasala um 25 þúsund lítra.

Tafla 6. Sala mjólkurvara í lítrum og kg á liðnum árum.


VÖRUFLOKKAR	Sala í ltr og kg					Breyting til 2007	
	1995	2000	2005	2006	2007	frá 2000	frá 2006
Dr.mjólk og sýrðar vörur	46.247.262	43.389.720	41.974.228	42.152.679	41.919.197	-3,39%	-0,55%
Rjómi og sýrður rjómi	1.948.610	2.040.739	2.340.377	2.385.159	2.410.356	18,11%	1,06%
Jógúrtvörur	2.579.232	3.049.015	3.969.710	3.602.836	3.659.771	20,03%	1,58%
Skyrvörur	1.387.218	1.875.837	4.392.428	3.830.405	3.382.484	80,32%	-11,69%
Viðbit	1.656.215	1.518.387	1.532.369	1.642.996	1.753.495	15,48%	6,73%
Ostar	3.466.138	3.937.832	4.401.904	4.640.850	4.903.437	24,52%	5,66%
Duft	566.017	627.966	671.232	656.949	674.944	7,48%	2,74%
Aðrar vörur	347.320	407.571	301.076	280.436	296.981	-27,13%	5,90%
SAMTALS ALLS	58.198.012	56.847.067	59.583.324	59.192.310	59.000.665	3,79%	-0,32%

SALA UMREIKNUÐ Í LÍTRA MJÓLKUR MIÐAÐ VIÐ FITU OG PRÓTEIN Umreiknað á fitu var sala á ferskvörum um 43,3% af heildarsölu mjólkurvara árið 2007, hlutfallið lækkaði um 1,3% frá árinu 2006. Heildarhlutur birgðavaranna viðbits, osta og dufts í umreiknaðri sölu m.v. fitu var um 56,7%.



Mynd 1. Hlutfallsleg skipting á sölu mjólkur milli vöruflokka m.v. fitu árið 2007.

Hlutur ferskvara umreiknað á próteingrunn var um 51,5% og minnkaði um 1,7% af heildinni milli ára. Sala á vöruflokknum Mjólk var um 36,8% af heildinni þegar umreiknað er á prótein. Hlutfall Skýrs í próteinsölnunni lækkaði úr 11,3% árið 2006 í 10,4% árið 2007. Heildarhlutur birgðavaranna var 48,5% árið 2007 í umreiknaðri sölu m.v. prótein.



Mynd 2. Hlutfallsleg skipting á sölu mjólkur milli vöruflokka m.v. prótein árið 2007.

Þegar umreiknuð sala verðlagsáranna 1993/1994 til 2006/2007 er skoðuð (sjá töflu 7, á næstu blaðsíðu) sést að umreiknuð sala m.v. fitu var minnst verðlagsárið 2002/2003 eða tæpir 96,2 milljónir lítrar, en umreiknað á prótein var salan minnst verðlagsárið 1994/1995 það er 100,3 milljónir lítra. Sala umreiknuð á fitu og prótein hefur sett met síðustu tvö ár, á síðasta verðlagsári var salan meiri en nokkru sinni áður eða 107,4 milljónir lítra miðað við fitu og 114,4 milljónir lítra miðað við prótein.

Aukning í sölu umreiknaðri í lítra mjólkur miðað við fitu var 4,82% milli verðlagsáranna 2005/2006 og 2006/2007 en aukning í sölu umreiknaðri m.v. prótein var 1,51% á sama tíma.

Mismunur á fitu- og próteinsölu nam 7 milljónum lítra á síðasta verðlagsári og minnkaði um 3,2 milljónir lítra milli verðlagsára. Svo jákvæð þróun hefur ekki sést í áraraðir.

Tafla 7. Sala verðlagsáranna 1993/1994 til 2006/2007, umreiknuð í lítra mjólk miðað við fitu og prótein.

Verðlagsár	Sala umreiknuð í lítra mjólkur		Mismunur a) - b)
	a) m.v. fitu	b) m.v. prótein	
1993/1994	100.351.869	101.737.891	-1.386.022
1994/1995	100.161.627	100.299.218	-137.591
1995/1996	100.241.441	101.878.509	-1.637.068
1996/1997	97.813.518	101.504.761	-3.691.243
1997/1998	99.895.322	103.098.602	-3.203.280
1998/1999	98.798.201	103.026.345	-4.228.144
1999/2000	98.630.269	105.586.125	-6.955.856
2000/2001	98.565.240	106.974.707	-8.409.467
2001/2002	97.003.248	106.285.478	-9.282.230
2002/2003	96.170.302	106.648.525	-10.478.223
2003/2004	98.088.913	108.522.220	-10.433.307
2004/2005	100.010.372	112.226.067	-12.215.695
2005/2006	102.443.112	112.666.390	-10.223.278
2006/2007	107.378.620	114.362.196	-6.983.576
Breyting frá 2006/2007	4,82 %	1,51 %	-31,69 %

Sala á árinu 2007 umreiknuð á fitu var 108,7 milljónir lítra. Aukning milli ára var 4,8 milljón lítra. Sala umreiknuð á prótein var á sama tíma um 114,9 milljón lítra og jókst um 1,7 milljón lítra milli ára.

Árið 2007 var sala m.v. prótein einungis 6,2 milljón lítrum meiri en m.v. fitu, sem er verulega minnkaður munur frá árinu 2006. Munurinn minnkaði um 34% á milli ára.

Tafla 8. Sala almanaksáranna 1994 til 2007 umreiknuð í lítra mjólk miðað við fitu og prótein.

Ár	Sala umreiknuð í lítra mjólkur		Mismunur a) - b)
	a) m.v. fitu	b) m.v. prótein	
1994	100.371.827	100.676.081	-304.254
1995	99.672.749	100.589.877	-917.128
1996	99.235.580	101.502.943	-2.267.363
1997	98.132.786	102.679.047	-4.546.261
1998	99.653.460	102.949.213	-3.295.753
1999	98.859.848	103.535.918	-4.676.070
2000	97.973.767	105.980.738	-8.006.971
2001	98.225.242	107.972.717	-9.747.475
2002	96.754.124	106.209.452	-9.455.328
2003	96.755.539	107.391.804	-10.636.265
2004	98.649.788	109.538.183	-10.888.395
2005	100.768.328	112.315.513	-11.547.185
2006	103.870.701	113.207.615	-9.336.914
2007	108.695.040	114.880.974	-6.185.088
Breyting frá 2006	4,65 %	1,48 %	-33,76 %

SALA DRYKKJARMJÓLKUR Heildarsala á Drykkjarmjólk, það er; Nýmjólk, léttmjólk, undanrennu og fjörmjólk, hefur minnkað mörg undanfarin ár. Sú þróun er óbreytt milli áranna 2006 og 2007, hvort sem hún er óumreiknuð eða umreiknuð á fitu eða á prótein. Síðustu 12 ár hefur salan dregist saman um 7 milljónir lítra (frá árinu 1995).

Tafla 9. Þróun sölu drykkjarmjólkur 1995 til 2007.

Vörutegundir	1995	2000	2005	2006	2007	Breyting frá 1995	Breyting frá 2006
Drykkjarmjólk, lítrar	39.742.732	36.475.849	34.221.516	33.466.514	32.751.352	-17,6%	-2,1%
SAMTALS m.v. fitu	27.309.015	22.541.960	20.410.357	20.136.376	19.427.851	-28,9%	-3,5%
SAMTALS m.v. prótein	41.334.135	38.435.063	35.559.331	34.949.701	33.453.589	-19,1%	-4,3%

INNFLUTNINGUR Innflutningur mjólkurvara jókst um 60 tonn milli áranna 2006 og 2007. Aukningin skiptist nokkuð jafnt á milli ferskvara og osta.

Jógúrt hefur verið meginuppistaða innflutnings á ferskum mjólkurafurðum. Frá árinu 2000 dró úr innflutningi ferskvara en á síðasta ári varð nokkur aukning. Ostainnflutningur sveiflast nokkuð milli ára en hefur verið tæp 200 tonn að jafnaði síðustu ár. Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði reikna árlega áætlun um hvað innflutningur svarar til mikillar mjólkur. Á próteingrunni reiknaðist innflutningur árið 2006 um 1,7 milljónir lítra en um 2,0 milljónir lítra árið 2007. Til viðbótar við þennan innflutning koma um 28 tonn af gervirjóma og 180 tonn af gerviosti árið 2007 (vörur úr jurtafitu og öðrum hráefnum).

Tafla 10. Innflutningur mjólkurvara á árunum 1995 til 2007, tonn.

Vöruflokkur	1995	2000	2005	2006	2007	Breyting frá 1995	Breyting frá 2005
Ferskvörur	10	394	22	62	91	520,0%	46,7%
Viðbit	0	0	0	125	0	0,0%	-100,0%
Ostur	42	162	190	173	203	483,3%	17,4%
Duft	0	0	2	3	4	100,0%	50,1%
SAMTALS	52	556	215	238	299	357,7%	25,4%

Heimild: Hagstofa Íslands


ÚTFLUTNINGUR Flutt voru út um 667 tonn af smjöri og 3,8 tonn af osti árið 2007. Útflutningur á skyri tvöfaldaðist milli ára og var um 138 tonn árið 2007.

Tafla 11. Útflutningur mjólkurvara á árunum 1995 til 2007, tonn.

Vöruflokkur	1995	2000	2005	2006	2007	Breyting frá 1995	Breyting frá 2006
Ferskvörur	0	14	16	65	138	100,0%	113,2%
Viðbit	89	236	593	541	667	507,9%	23,3%
Ostur	0	0	74	3	4	100,0%	11,5%
Duft	0	106	0	0	200	100,0%	100,0%
SAMTALS	89	356	683	609	1.008	584,3%	65,6%

BIRGÐIR VIÐBITS, OSTA OG DUFTS Ostabirgðir í landinu jukust um 223 tonn árið 2007, birgðir í árslok voru 1.265 tonn en voru 1.042 tonn í ársbyrjun.

Viðbitsbirgðirnar jukust um 58 tonn árið 2007 og voru um áramót 292 tonn. Birgðir dufts jukust um 354 tonn árið 2007 og voru 666 tonn í árslok.



Mynd 3. Þróun birgðastöðu á viðbiti, ostum og dufti á árunum 1997 til 2007.

BIRGÐIR OG UMREIKNUÐ RÁÐSTÖFUN MIÐAÐ VIÐ FITU Birgðaaukning árið 2007 var 22,6% m.v. fitu, eða um 2,9 milljónir lítra. Útflutningur nam um 14,4 milljónum lítra árið 2007 umreiknað á fitu og jóks um 23,5% frá fyrra ári.

Tafla 12. Framleiðsla og ráðstöfun mjólkur árin 1995 til 2007 umreiknað í lítra af mjólk m.v. fitu.

Ár	Umreiknað í lítra mjólk m.v. fitu					
	Birgðir í upphafi	Innvegin mjólk	Seldar afurðir	Útflutningur	Birgðir í lok	Mismunur
1995	11.949.233	102.864.461	99.672.749	1.807.890	13.524.167	-191.112
1996	13.524.167	101.643.084	99.235.580	1.054.036	13.932.206	945.429
1997	13.932.206	101.944.728	98.132.786	1.885.296	14.923.020	935.832
1998	15.241.500	105.716.477	99.653.460	360.080	20.682.844	261.593
1999	20.682.844	107.195.929	98.859.848	13.002.787	16.299.806	-283.668
2000	16.299.806	104.024.730	97.973.767	5.055.905	15.803.496	1.491.368
2001	16.028.978	106.149.593	98.225.242	12.183.156	12.354.160	-583.987
2002	12.313.930	110.761.076	96.754.124	13.111.278	13.899.793	-690.189
2003	13.899.793	108.384.120	96.755.539	14.098.246	11.010.804	419.324
2004	11.024.924	112.029.504	98.649.788	9.745.922	15.131.342	-472.624
2005	15.131.342	109.445.194	100.768.328	13.255.110	11.394.989	-841.891
2006	11.394.989	117.062.454	103.870.701	11.642.829	12.855.569	88.343
2007	12.855.569	124.816.835	108.696.926	14.378.779	15.761.108	-1.163.409
Breyting frá 2006	-12,84 %	6,62 %	4,65 %	23,50 %	22,60 %	-1.1416,91 %

BIRGÐIR OG UMREIKNUÐ RÁÐSTÖFUN MIÐAÐ VIÐ PRÓTEIN Birgðir umreiknaðar í lítra mjólkur miðað við prótein jukust um 6,5 milljónir lítra árið 2007 eða um 42,16%. Útflutningur var um 3,9 milljónir lítra á próteingrunni og jóks um rúm 265%.

Tafla 13. Framleiðsla og ráðstöfun mjólkur árin 1995 til 2007 umreiknað í lítra af mjólk m.v. prótein.

Ár	Umreiknað í lítra mjólk m.v. prótein					
	Birgðir í upphafi	Innvegin mjólk	Seldar afurðir	Útflutningur	Birgðir í lok	Mismunur
1995	12.919.844	102.864.461	100.589.877	140.406	15.605.850	-551.829
1996	15.605.850	101.643.084	101.502.943	811.862	14.683.874	250.255
1997	14.683.874	101.944.728	102.679.047	137.108	14.106.783	-294.335
1998	14.183.972	105.716.477	102.949.213	45.504	17.017.965	-112.233
1999	17.017.965	107.195.929	103.535.918	2.237.402	19.443.434	-1.002.860
2000	19.443.434	104.024.730	105.980.738	1.659.352	16.823.012	-994.938
2001	16.516.890	106.149.593	107.972.717	851.856	14.503.100	-661.190
2002	14.290.404	110.761.076	106.209.452	900.156	19.083.316	-1.141.444
2003	19.083.316	108.384.120	107.391.804	2.435.346	18.400.040	-759.754
2004	18.199.134	112.029.504	109.538.183	2.989.756	17.881.102	-180.403
2005	17.903.737	109.445.194	112.315.513	1.620.802	12.864.203	548.413
2006	12.864.203	117.062.454	113.207.614	1.064.256	15.500.993	153.794
2007	15.500.993	124.816.835	114.881.128	3.888.984	22.036.295	-488.425
Breyting frá 2005	20,50 %	6,62 %	1,48 %	265,42 %	42,16 %	-417,58 %